

## LÖG

### um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 227. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „8 ára fangelsi“ í inngangsmálslið 1. mgr. kemur: 12 ára fangelsi.

b. Í stað orðanna „skv. 226. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: skv. 1. mgr. 226. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. júní 2011.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

**Kristján L. Möller.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Ögmundur Jónasson.*